

## ✉ Re: Beiðni um umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla

Búið til	26.3.2021 12:59:34
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	26.3.2021 13:00:27
Tilheyrir	 202102-0024 - Beiðni um umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla

### Efni

Re: Beiðni um umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla

### Upplýsingar

Sent	26.3.2021 13:00:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	liljab@ust.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0024 (LÁ, KHS, RTh)

Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 12. febrúar 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla.

Markmiðið með gerð áætlunarinnar er að leggja fram stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Í áætluninni er lögð fram stefnumótun til 10 ára, ásamt aðgerðaáætlun til þriggja ára.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir stjórnunar- og verndaráætlun (SVÁ) fyrir Friðland Svarfdæla, sem og aðgerðaráætlunina, og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í kafla 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi; vantar að nefna 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Innan friðlandsins eru mikilvæg votlendissvæði, vötn og tjarnir sem falla undir þessa grein náttúruverndarlaga.

Í kafla 2.2.2. Gróður og vistgerðir/jarðvegur; er fjallað um jarðgrunn í Svarfaðardal. Þessar náttúruminjar tilheyrja jarðminjum sem koma fyrir í kafla 2.2.1. Í kaflanum eru nefndar ágengar framandi tegundir, svo sem askalúpína, skógarkerfil, heimanjóla og bjarnakló, sem sveitarfélagið sér um að útrýma. Hér mætti einnig bæta við að halda þarf í skefjum útbreiðslu tegunda frá skógræktarreitum sem eru að finna bæði innan og í jaðri friðlandsins.

Í kafla 2.4.3. Veiðar; stendur að halda skal ref og mink í skefjum innan friðlandsins með veiðum. Þetta er síðan áréttað aftur á öðrum stöðum í SVÁ t.d. undir kafla 2.5 um helstu ógnir friðlandsins.

Í kafla 3.2.2. Dýralíf; kemur fram að Dalvíkurbyggð hefur umsjón með því að halda mink og ref í skefjum innan friðlandsins og í aðgerðum mun sveitarfélagið skoða hvernig best sé að haga veiðum á refum, minkum og afræningjum. Ekki kemur fram hver hefur eftirlit með þessum veiðum.

Náttúrufræðistofnun vil benda á að sýnt hefur verið fram á t.d. í Þjóðgarði Snæfellsjökuls, að refum fjölgar ekki við friðun. Engar rannsóknir eru til á áhrifum refa á fuglalíf héraendis en þessir dýrahópar eru hver fyrir sig lykiltegundir í vistkerfi svæðisins. Náttúrufræðistofnun telur að haldbær rök þurfi fyrir því að leggja sérstaka áherslu á veiðar á ref innan friðlandsins, áður en farið er í aðgerðir. Mink ætti að fjarlægja, ef hann sést, en skýra þarf betur hverjir eru „afræningjar“ friðlandsins (sjá bls. 17).

Í kafla 3.5.1. Landvarsla; þar stendur „Landvörður skal hafa eftirlit með svæðinu eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, að vori og í lok sumars. Meta skal þörf fyrir aukna landvörslu í friðlandinu.“ Í kafla 3.7. Fræðsla og kynning; kemur fram að auka skal fræðslu og kynningu á svæðinu enn frekar og „Landvörður skal upplýsa og fræða gesti um náttúru og sögu svæðisins, m.a. með fræðslugöngum.“ Náttúrufræðistofnun veitir fyrir sér aðkomu sveitarfélagsins varðandi landvörslu og fræðslu á svæðinu, en það kemur ekki skýrt fram í SVÁ. Ljóst er að einn landvörður að vori og í lok sumars er ekki að auka eftirlit, fræðslu og kynningu innan friðlandsins.

Mikilvægt er að Náttúrufræðistofnun Íslands, í samstarfi við Umhverfisstofnun, fari í að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlandið.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Lilja Bjarnadóttir" <liljab@ust.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Beiðni um umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla  
**Date:** 15.2.2021 11:00:38

Undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins Hornafjarðar unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland Svarfdæla.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillöguna. Frestur til að skila umsögn er til og með **26. mars 2021**

*Sjá nánar í viðhengi.*

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

